



Fundagerð

4. fundur stjórnar Markaðsstofu Suðurlands var haldinn kl. 10:00 mánudaginn 7. október 2019. Fundurinn var fjarfundur í gegnum Skype.

Boðaðir og mættir:

Ása Valdís Árnadóttir, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Jóhannsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Grétar Ingi Erlendsson, fulltrúi Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga
Kristín Ýr Hrafnkelsdóttir, fulltrúi Ferðamálasamtaka Suðurlands
Ólafur Páll Vignisson, Suðurlands fulltrúi Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu
Dagný H. Jóhannsdóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu
Laufey Guðmundsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands

Boðaðir og forfallaðir:

Björg Árnadóttir, fulltrúi Visit South Iceland ehf.
Katrín Sigurðardóttir – varamaður fulltrúa Visit South Iceland ehf.
Eva Björk Harðardóttir – áheyrnarfulltrúi SASS

Fundagerðin var færð í tölvu og hana ritaði Laufey Guðmundsdóttir.

Dagskrá:

- Verkefni sl. mánuði og framundan
- Innri mál
- Önnur mál

Ása Valdís, varaformaður stjórnar, setur fundinn og felur Dagnýju stjórn fundarins.

Verkefni sl. mánuði og framundan

Framkvæmdarstjóri fór yfir þá vinnu sem hefur verið í gangi og stöðuna á verkefnum.

Markaðs – og kynningamál

Vörumerkjahandbók

Vörumerkjahandbók er komin í fulla notkun og verið er að vinna nýtt kynningarefni út frá nýrri ásýnd. Sem dæmi um það má nefna hönnun og prentun á nýju kynningarefni; nafnspjöld, segl

fyrir sýningar, borðrenningar og myntur í gjafir. Lokaundirbúningur er í gangi á South Iceland Magazine, sem á að vera frekar tímalaust tímarit sem nýtist við kynningu á Suðurlandi.

Framundan er áframhaldandi vinna við eftirfylgni vörumerkjahandbókarinnar og innleiðing á nýju útliti inn í allt kynningarefni. Uppfærslu á kynningarefni verður komið í framkvæmd eftir því sem fjármagn ársins leyfir – annað flyst til næsta árs.

Kortaútgáfa/prentað efni

Enn hafa ekki öll sveitarfélög samþykkt kostnaðarskiptingu við kortaseríu sveitarfélaganna en reynt var að finna sanngjarna skiptingu milli svæða.

Framundan er að klára kostnaðarskiptingu á kortaseríu með sveitarfélögum. Þá verður „South Iceland Magazine“ klárað og sent til prentunar.

Myndbandsverkefni

Verkefnið er á lokametrum, komin eru drög að þremur stoðmyndböndum sem verið er að fínþússa.

Framundan er loka eftirvinnsla á myndböndunum og gerð birtingaráætlunar. Undirbúningur að næsta myndbandaverkefni og nýtingu á núverandi efni til áframhaldandi efnissköpunar. Nýtt verkefni í tengslum við áttavita Suðurlands til skoðunar, en leita þarf eftir sérstöku fjármagni í slíkt sérverkefni.

Vefsíða

Verið er að vinna með enn meiri fókusi á vefsíðuna og er vinnuhópur að störfum við uppfærslur á öllum vefsíðum Markaðsstofa landshlutanna en þar á MSS sína fulltrúa. Gagnagrunnur er lykilatíri í næstu skrefum þar sem efni síðunnar byggist á honum. Innri síða Markaðsstofunnar er í áframhaldandi endurskoðun.

Framundan er áframhaldandi vinna í núverandi síðu, innihaldi og framsetningu. Taka þarf ákvörðun varðandi Siteimprove fyrir næsta ár.

Samfélagsmiðlar

Samningi hefur verið sagt upp við Sahara sem hefur haft umsjón með Facebook og Instagram aðgöngum Visit South Iceland og verður verkefninu verður sinnt innanhúss frá áramótum. Undirbúningur og efnissköpun eru hluti af áherslum síðastliðinna missera sem kemur til með að nýtast vel fyrir það. Áfram verður áhersla efni á FB og Instagram en færslur á FB hafa verið kostnaðar lítillaga og hefur árangur verið góður.

Framundan er undirbúningur og gerð birtingaráætlunar fyrir næsta ár. Þá er í skoðun nýtt verkefni sem miðar að því að byggja undir efnissköpun m.a. til að nýta á miðlum á næsta ári.

PR/Blaðamannafyrirspurnir/ferðir

Nokkur stór PR verkefni voru á dagskrá á tímabilinu. Þar á meðal var Disney ferð í tengslum við Frozen II sem Fannar tók þátt í og fylgdi eftir. Ferðin gekk vel þrátt fyrir slæmt veður á köflum. Þá fengu tvær sjónvarpsstöðvar einnig aðstoð á tímabilinu ásamt fleirum. MSS kom einnig að ferð hollenskra áhrifavalda á vegum Icelandair og Íslandsstofu á tímabilinu og skipulagði 5 daga ferð um Suðurland í samstarfi við Ríki Vatnajökuls. Veður var vont og gengu öll plön ekki eftir eins og lagt var upp með. Verkerlar í kringum áhrifavaldaferðir voru teknar til endurskoðunar í framhaldinu.

Undirbúningur með faghóp sveitarfélaganna fyrir haustfrí fjölskyldunnar er í fullum gangi og eru auglýsingar að fara í loftið í vikunni.

Framkvæmdarstjóri skrifaði grein um stöðu mála í ferðabjónustunni sem birtist í Dagskránni í mánuðinum.

Framundan er áframhaldandi vinna í ofangreindum verkefnum næsta misserið ásamt markaðsáætlunargerð fyrir næsta ár.

Sýningar

VestNorden var haldið í Færeyjum í ár þar sem framkvæmdastjóri sótti á ásamt Ríki Vatnajökuls. Sýningin var fín og góðir kaupendur. Flestir höfðu selt Suðurland áður en þó voru nokkrir nýir. Verið er að vinna samantekt fyrir eftirfylgni til aðildarfyrirtækja MSS. Minni eftirspurn var eftir prentefni en oft áður, en margir óskuðu eftir að fá kortaseriuna senda sem við gerum sem eftirfylgni sýninga.

Framundan er vinnustofa á Spáni í október sem Fannar sækir fyrir hönd MSS. Undirbúningur er í fullum gangi en Spánn er mikilvægur kjarnamarkaður sem þarf að hlúa að.

Mannamót verða 16. janúar 2020 í Kórnum. Áhugi er hjá erlendum ferðabjónustuaðilum að koma mögulega á Mannamót. Framkvæmdastjóri fer í skoðunarferð (e. inspection) á World Travel Market í nóvember. Framkvæmdastjóri sækir vinnustofur með Íslandsstofu á nýjum mörkuðum í Suður-Ameríku í desember (Argentínu og Brasilíu) þar sem markmiðið er að sækja á vel borgandi markaði. Mikilvægt er fyrir Suðurland að vera með þegar nýir markaðir eru sóttir.

Aðildarfyrirtæki - Innra (markaðs)starf

Nokkur fyrirtæki hafa bæst við í aðild í mánuðinum. Undirbúningur á súpufundum er í gangi þar sem áhersla verður sjálfbæra þróun og græna stefnu. Fréttir af innra starfi eru birtar á vefsíðunni south.is. Tilkynningar á Facebook eftir því sem við á en Facebook síða MSS er opinn vettvangur fyrir faghópsfulltrúa til að nýta til upplýsingamiðlunar.

Framundan eru súpufundir haustsins sem verða 16., 17. og 18. nóv. Fréttabréf af innra starfi verður sent út á póstlista. Stefnt er á að þjónustukönnun verði send út meðal aðila til að taka stöðuna á starfseminni. Fréttabréf á ensku er í vinnslu og efling póstlista til „annara“ en aðildarfyrirtækja.

Áfangastaðaáætlun - áfangastaðastofur

DMP - Áfangastaðaáætlun

Aðgerðaáætlunin í áframhaldandi vinnslu og unnið að tengingum við aðrar áætlanir ásamt því að draga út einstaka verkefni/áherslur. Kynningum fyrir sveitarfélögin er lokið. Næsti áfangi hafinn með nokkrum verkefnum og verkefnatillögum sem verið er að finna farveg. Unnið er að uppfærslu á Áfangastaðaáætlun Suðurlands með tilliti til stöðu og áherslustaði svæðisins í samræmi við ný skilyrði Framkvæmdasjóðs Ferðamannastaða ásamt því að kalla eftir stöðum og/eða áherslum frá sveitarfélögum. Þá var auglýstur stuðningur og aðstoð við gerð umsókna í Framkvæmdasjóðinn.

Send var inn verkefnatillaga til Matarauðs Íslands undir merkjum Matarauðs Suðurlands, og fengust 8 milljónir í verkefnastyrk. Miðar verkefnið að því að kortleggja matarauð Suðurlands út frá hráefni og hefðum og því að bæta upplifun og eftirfylgni (upplifunarhönnun) á stöðum. Vinna við ferðaleiðir er í fullum gangi og unnið að undirbúningi og vinnustofum vegna Vitaleiðar (frá Selvogsvita að Knarrarósvita). Unnar hafa verið handbækur og viðmið fyrir göngu og

hjóllaleiðir. Þá hafa fulltrúar MSS tekið þátt í eftirfylgni vegna Stefnumótunar Íslandsstofu. Verkefnið um „jákvæð skilaboð um ferðaþjónustuna“ er í sínum farvegi.

Framundan er áframhaldandi vinna skv. áætlun. Áfram unnið í sérverkefnunum, nýjum verkefnum eins og Matarauði og um Vitaleiðir og svo eru fleiri umsóknir sem liggja fyrir um ný verkefni. Fundur er á dagskrá með Ferðamálastofu m.a. um framgang verkefna og samninga. Eftirfylgni með Vegagerð, skiltamál, merkingar, leiðir, einstaka stöðum (vinnustofur) og fleira.

DMO - áfangastaðastofur

Skýrsla erlends sérfræðings komin út. Fundur í kjölfarið vegna áfangastaðastofa (DMO) þar sem ýmis sjónarmið voru rædd og landshlutum frjálst að senda inn hugmyndir að t.a.m. útfærslu á hlutverkum. Svæðisskipting til umræðu og hafa röksemdir verið sendar varðandi að halda sig við núverandi skiptingu Markaðsstofa landshlutanna, sem margt mælir með. Fjármögnun á DMO er um margt óljós. Þá eru hugmyndir um að stór hluti fjármögnunar sé í formi styrkumsókna í sjóði (verkefnastyrkir/Evrópustyrkir) sem stjórn hefur ákveðnar efasemdir um að séu raunhæfar.

Framundan er að greina og undirbúa tillögu að hlutverkum og fjármögnun þeirra, tengingar við stoðkerfið og fleira. Fundur atvinnuþróunarfélaga á Vestfjörðum þar sem DMO er m.a. á dagskrá.

Samstarf

MAS – Markaðsstofur landshlutanna

MAS fundur var haldinn í Reykjavík í september í húsakynnum Íslandsstofu. Á dagskrá var m.a. haustráðstefnan sem fór fram 12. september og var bæði vel sótt (á staðnum og í streymi) og vel heppnuð. Aðal erindi ráðstefnunnar hélt Paul Davies um strauma og stefnur í ferðaþjónustu í heiminum í dag en Ferðamálastofa styrkti MAS til að fá hann til landsins. Ráðherra ferðamála opnaði ráðstefnuna. Haustráðstefna MAS hefur sannað gildi sitt þar sem málefni landsbyggðarinnar eru m.a. í forgrunni. Frá Suðurlandi var eitt erindi sem Grétar Ingi Erlendsson frá Nordic Green Travel flutti og bar heitið „Eitt skref í einu“. Það fjallaði um þau skref sem fyrirtæki geta tekið í átt að sjálfbærni.

Rætt var um vefmál og gagnagrunn en sú vinna mjakast, bæði er verið að vinna innan okkar landshluta og í vefhóp.

Umræða var um viðburði og sýningar á vegum Íslandsstofu og þátttöku landshlutanna.

Samstarf MAS var einnig til umræðu og þróun og framhald þess, bæði innbyrðis sem og í stærra samhengi í tengslum við áfangastaðastofur (DMO).

Framundan er MAS fundur á Ísafirði í lok mánaðar. Mannamót eru í undirbúningi þar sem Suðurland tekur að sér svipað hlutverk við skipulagningu og áður. Vinna við uppfærslu gagnagrunns og heimasíðu komið á skrið og verður þróað áfram næstu misseri.

Íslandsstofa

Mánaðarlegir Skype fundir eru með Íslandsstofu. Stefnumótunarfundur í tengslum við nýja stefnu var í mánuðnum. Nokkur PR verkefni, bæði lítil og stór voru unnin í samvinnu við Íslandsstofu. Lítil aðkoma MSS var að nýrri Inspired by Iceland herferð sem er unnin með Expedia á Bandaríkjamarkaði. Önnur tilfallandi verkefni á tímabilinu s.s. sent efni í fréttabréf, topp 5 lista og fleira.

Framundan eru mánaðarlegir Skype fundir, PR verkefni, markaðsáherslur næsta árs og fleira.

Ferðamálastofa

Fundur um DMO - sjá framar í fundagerð.

Framundan er stöðufundur vegna samninga í október. Einnig skoðuð næstu skref er varða áfangastaðastofur og fjármögnun eftir 2020.

Faghópur/sveitarfélög

Faghópur sveitarfélaganna fundaði í Hveragerði í mánuðinum. Framkvæmdastjóri MSS kynnti hlutverk og sameiginleg verkefni hópsins þar sem nokkrir nýir aðilar hafa komið inn í samstarfið. Drög að erindisbréfi lagt fyrir hópinn sem rammur inn hlutverk og verkefni hans. Samþykkt var að nota það til grundvallar starfinu, en það miðar m.a. að því að hjálpa nýjum aðilum að komast hratt og vel inn í samstarfið. Rætt var um upplýsingamiðlun, samstarfsverkefni og farin var vettvangsferð. Ný vörumerkjahandbók MSS var kynnt.

Framundan er endurnýjun samninga við þrjú sveitarfélög (Árborg, Flóahrepp og Vestmannaeyjar). Fundur er fyrirhugaður í Vestmannaeyjum með bæjarráði og ferðamálasamtökunum 15. október nk. með framkvæmdastjóra og formanni MSS. Til skoðunar er að halda vinnustofu sem eftirfylgni við DMP áætlun á sama tíma. Næsti fundur Faghóps sveitarfélaganna verður 13. nóvember n.k. í Ásahreppi. Eftirfylgni með haust- og vetrarfríum, kortamálum og öðrum verkefnum sem eru á hugmyndastigi.

SASS

Mikil vinna hefur verið lögð í „Invest South“ verkefnið, en stefnt er að ná vefnum í loftið fyrir desember. Reglubundin ráðgjöf og fundir. Áhersluverkefni tvö; Umhverfissvænar ferðaleiðir og Samræmdur mynda- og textabanki eru í vinnslu og langt komin.

Framundan er venjubundin teymisvinna, ráðgjöf og fundir. Vinna við Sóknaráætlun, Invest, Uppbyggingasjóð og fleira. Verkefnatillaga í undirbúningi sem send verður inn sem menningarverkefni í Uppbyggingasjóð. Þá verða undirbúnar tillögur til áhersluverkefna Sóknaráætlunar m.a. með áherslu á mat. Eftirfylgni og framvæmd vegna núverandi verkefna. Haustfundur atvinnuþróunarfélga á Vestfjörðum í lok október og möguleg þátttaka á ársþingi SASS.

Fundir og ráðstefnur

Starfsmenn MSS sóttu nokkra fundi og ráðstefnur á tímabilinu, m.a. ráðstefnu um 4. iðnbyltinguna, fund ráðherra um stefnumótun og þolmörk, Ferðaþjónustudag SAF og fleira.

Framundan eru ýmsir fundir og ráðstefnur sem starfsmenn skiptast á að sækja eftir málefnum.

Innri mál

Framundan er vinna við starfs- og rekstraráætlun næsta árs þar sem markaðshlutinn verður tekinn sérstaklega fyrir. Nýtt tölvusímkerfi verður tekið í gagnið í Fjölheimum á næstunni, kaupa þarf búnað vegna þess. Starfsmannastefna markaðsstofunnar í undirbúningi, en Laufey hefur verið að skoða það m.a. í tengslum við nemendur í mannauðsstjórnun.

Önnur mál

Ný verkefni

Umræða um ný möguleg verkefni á dagskrá s.s. gestrisni, sögur frá Suðurlandi, sameiginlega markaðssetningu viðburðastaða og fleira. Umræður fóru fram og ákveðið að vinna áfram með sögurnar (Uppbyggingasjóður) og viðburðastaði.

Næstu fundir

Nóvemberfundur verður færður til 11.nóvember, sem verður Skype fundur. Desemberfundur færður til 9. desember, sem verður staðarfundur í Fjölheimum.

Fundi slitið 11.33